

# Sósíalístaflokkur Íslands

## Stefna

Sósíalístaflokkur Íslands er stjórn málaflokkur almennings á Íslandi. Markmið hans er samfélag frelssis, jöfnuðar, mannhelgi og samkenndar. Þessi markmið nást eingöngu með því að færa völdin í hendur fólksins í landinu.

Sósíalístaflokkur Íslands er flokkur launafólks og allra þeirra sem búa við skort, ósýnileika og valdaleyfi. Andstæðingar Sósíalístaflokks Íslands eru auðvaldið og þeir sem ganga erindi þess. Vettvangur Sósíalístaflokks Íslands er breið stéttabaráttátt sem hafnar málamiðlunum og falskri samræðu.

Í starfi sínu leggur Sósíalístaflokkur Íslands áherslu á það sem sameinar fólkið í landinu; óréttlætið sem það mætir og viljann til að losna undan því. Öllum landsmönnum er velkomið að ganga til liðs við flokkinn, óháð kyni, uppruna, trú eða kynhneigð.

Sósíalístaflokkur Íslands vill að framþróun samfélagsins stýrist af hagsmunum almennings. Þess vegna þarf almenningur að ná völdum, ekki aðeins yfir opinberum stofnunum heldur einnig nærumhverfi sínu. Vinnustaðurinn, verkalýðsfélagið, skólinn, hverfið, sveitarfélagið, þorpið – öll þessi svið eiga að vera undir valddreifðri stjórn þar sem hagsmunir fólksins eru í fyrirrúmi.

Fyrstu baráttumál Sósíalístaflokks Íslands eru þessi:

1. Mannsæmandi kjör fyrir alla landsmenn, hvort sem þeir eru launamenn, atvinnulausir, lífeyrisþegar, námsmenn eða heimavinnandi.
2. Aðgengi að öruggu og ódýru húsnæði.
3. Aðgengi að gjaldfrjálsu heilbrigðiskerfi, að gjaldfrjálsri menntun á öllum skólastigum og að gjaldfrjálsu velferðarkerfi sem mætir ólíkum þörfum fólksins í landinu.
4. Stytting vinnuvikunnar, til að bæta lífsgæði fólksins í landinu og auðvelda því að gerast virkir þátttakendur í mótun samfélagsins.
5. Enduruppbygging skattheimtunnar með það fyrir augum að auðstéttin greiði eðlilegan skerf til samneyslunnar en álögum sé létt af öðrum.

[Halað niður af netinu 10. maí 2017: <http://sosalistaflokkurinn.is/stefna/>]